

**Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023****MYNL3MÁ05**

Kennari	Íris Jónsdóttir netfang: iris.jonsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Mánudagar frá kl. 10:25 til 11:05	
Námsefni	Ljósrit frá kennara og annað efni (listaverkabækur, farið á sýningar) rannsóknarvinna.	
Áfangalýsing	Nemandinn vinnur málverk með akríllitum. Hann leggur megináherslu á sköpunarferlið, frá eigin hugmynd að lokaniðurstöðu. Hann byggir upp rökrænt þróunarferli sem leið til markvissrar listrænnar niðurstöðu. Nemandinn vinnur rannsóknar- og tilraunavinnu þar sem engin leið er sjálfgefin. Myndefni er sótt í umhverfið og nemandinn vinnur á persónulegan hátt með sjónarhorn, myndmál, myndbygginu, form og lit. Nemandinn skoðar sköpunarferli nokkurra listamanna og kynnir sér málverk og önnur verk sem tengjast hugmyndum nemandans og áhugasviði og hann notar sem innblástur ásamt öðru. Nemandinn ígrundar og ræðir um verk sín og vinnuferli á öllum vinnslustigum í samvinnu við kennara og aðra nemendur.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Skilyrði til að ljúka áfanganum er að nemandi klári öll verkefni sem lögð eru fyrir. Hvert verkefni er metið út frá tæknilegri lausn og frágangi nemanda á verkefninu, skilning hans á útkomunni og hvernig hann skilar verkefninu frá sér. Skili á réttum tíma og mæting góð.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Verkefni		50%
	Skissubók		40%
Virkni í kennslustundum		10%	

Reglur áfanga	Athugasemdir vegna viðveruskráningar verða að berast kennara innan viku. Nemendur skulu ávallt ganga frá eftir sig eftir kennslustund. Slökkt skal vera á farsímum í kennslustundum nema að annað sé tekið fram.
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Efnisgjald, sjá Innu. Nemandi þarf að koma með: Akrýl grunnliti, svartan og hvítan Pensla fyrir akrýlliti Teikniáhöld Skissubók
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • þróunarferlinu frá hugmynd að málverki • mikilvægi rannsóknar- og tilraunavinnu í vinnuferlinu • mismunandi málunartækni • nokkrum listmálurum í sögu og nútíma eða öðrum listamönnum sem tengjast eigin hugmynd	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota mismunandi leiðir til að túlka myndefni sitt • tengja formræna framsetningu við inntak verka sinna • vinna eftir rökrænu ferli þar sem eitt vinnslustig tekur við af öðru • sýna persónulega afstöðu í vali myndefnis og úrvinnslu • leita sér heimilda og skoða listamenn í tengslum við vinnu sína • meðhöndla efni og áhöld sem notuð eru við gerð málverka • vinna agað og sjálfstætt og sýna frumkvæði
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • nýta umhverfi sitt í leit að hugmyndum og myndefni • þróa eigin hugmynd með rannsóknar- og tilraunavinnu í málverk • rökstyðja niðurstöður sínar með tilliti til faglegrar þekkingar • fjalla um ólíkar aðferðir við vinnslu málverka • nýta verk annarra listamanna sem innblástur fyrir eigin verk • fjalla um eigin verk og annarra á upplýstan og greinagóðan hátt og gera grein fyrir forsendum álits síns	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	15 vikur x 4 klst.	60 klst.
Heimavinna	15 vikur x 2 klst.	30 klst.
Rannsóknarvinna	12 klst.	12 klst.
Undirbúningur f. skil	6 klst.	6 klst.
Undirbúningur f. sýningu	2 klst.	2 klst.
Alls		110 klst. = 5 feín*

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
MYNL3LM 1. vika 18. - 25. ágúst	Kynning á kennsluáætlun. Litafræði og litasamsetningar. Nemendur velja eina skissu, stækka hana og mála í svört-hvítu. Nemendur vinna sömu mynd í tveimur eintökum, annars vegar í köldum litum og hins vegar í heitum litum	Nemendur vinna skissur og velja síðan eina til frekari úrvinnslu
2. vika 28. ágúst - 1. september	Framhald...	
3. vika 4. - 8. september	Nemendur mála frjálsar útfærslur af sömu mynd	Nemendur skissa nokkrar frjálsar útfærslur af sömu mynd og velja síðan eina
4. vika 11. - 15. september	Nemendur vinna myndbyggingarskissur, hlutbundnar og óhlutbundnar. Umhverfi innanhúss og utan skoðað m.t.t. ljóss, skugga, litagilda og samspili lita og forma	Nemendur vinna litaskissur og velja síðan eina til frekari úrvinnslu
5. vika 18. - 22. september	Lokaverkefni, nemendur velja sér eitthvað til að vinna út frá. Það getur verið t.d. þema, listaverk, listamaður, kvikmynd, bók, orð o.s.frv.	Nemendur skissa nokkrar útfærslur af lokaverkefni og velja síðan eina
6. vika 25. - 29. september	Framhald á lokaverkefni og skil	
7. vika 2. - 6. október	Efnisöflun, ýmis verkefni í tímum. Safna ýmsum hlutum/myndum (Netið, bækur, tímarit) úr umhverfi, s.s. laufblöðum, trjágreinum, blómum og fl. Taka/finna myndir af umhverfi þínu, garðinum þínum, landslagi s.s hrauni, grasi, grjóti, mosa og þ.h. Gott er að hafa bækur um gróður Íslands, hægt að finna á bókasafni	Skissubók
MYNL3MÁ 8. vika 9. - 13. október	Skissur af hlutum, unnið með blýant og í akríl. Litaprufur og ýmsar tilraunir með liti. Litaprufur og tilraunir á minni striga,(A4 – A5) en það er hægt að kaupa striga í blokkum í Verkfæralagernum til að nota. Fínt að líma blöðin á Masonit eða spónaplötu með málningarlímbandi.	Skissubók
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	Framhald...	Skissubók
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	Lokaverkefni, umhverfismálverk 70 x 100	Skissubók
11. vika 30. október - 3. nóvember	Framhald á lokaverkefni...	
12. vika 6. - 10. nóvember	Framhald á lokaverkefni...	
13. vika 13. - 17. nóvember	Framhald á lokaverkefni...	
14. vika 20. - 24. nóvember	Framhald á lokaverkefni...	

Virðing, samvinna og árangur

15. vika 27. nóvember- 1. desember	Framhald á lokaverkefni...	
16. vika 4. - 7. desember	Frágangur og skil	

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Íris Jónsdóttir